

Nd.

242. Nefndarálit

[132. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með frv. þessu óskar ríkisstjórnin eftir heimildum til erlendrar lántöku vegna ríkisframkvæmda á árinu 1978 að upphæð 4 866 millj. kr. Auk þess er óskað heimildar til ábyrgða á lántökum Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja, samtals að upphæð 3 300 millj. kr. Þá er einnig óskað eftir heimild til erlendrar lántöku til greiðslu á eldri lánnum.

Samtals er gert ráð fyrir erlendum lántökum sem nema 20 000 millj. kr. á næsta ári, þar af 9 683 milljónum vegna opinberra aðila og 10 317 milljónum vegna annarra aðila.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðurkenndir lífeyrissjóðir verði skyldaðir til að verja að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum, og er við það miðað að 30% af ráðstöfunarfé sjóðanna renni til fjármögnunar samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þetta ákvæði frv. er mjög umdeilt og því hefur harðlega verið mótmælt af Sambandi lífeyrissjóðanna.

Minni hl. n. er andvígur þessu ákvæði frv. og leggur því til að það verði fellt niður. Eins og nú er komið málefnum lífeyrissjóðanna stefna þeir að ört hækkandi lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga sinna. Ljóst er því að þeir geta ekki í sama mæli og áður ráðstafað fjármagni sínu til almennra framkvæmda á vegum ríkisins, eða annarra sem með atvinnurekstur hafa að gera.

Fjárhagsleg aðstaða lífeyrissjóðanna er mjög misjöfn og útgjöld af eftirlaunagreiðslum einnig. Minni hl. telur því, að eðlilegt sé að ríkissjóður og opinberir sjóðir semji beint og án lagabvingunar við lífeyrissjóðina um lánsfé gegn verðtryggingu.

Verði ákvæðum 3. gr. frv. um skyldu lífeyrissjóðanna til lánveitinga ekki breytt mun minni hl. greiða atkv. gegn frumvarpinu.

Alþingi, 19. des. 1977.

Lúðvík Jósepsson,
frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.